

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1071  
komudagur 14. 3. 2005



ALÞINGI ÍSLENDINGA  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 – 10

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI  
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN

DAGSETNING

SEB/eeg/05/0635

11.03.2005

**Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna Frumvarps til laga um ársreikninga, 480. mál, EES reglur, reikningsskilastaðlar.**

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags 9. febrúar 2005 þar sem óskað er umsagnar skattrannsóknarstjóra ríkisins um Frumvarp til laga um ársreikninga, EES reglur, reikningsskilastaðlar 480. mál, þingskjal 734. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

**u m s ö g n :**

Aðalefni frumvarpsins er um þá staðla sem nota á við uppgjör og samningu ársreikninga. Verður að telja að það hafi verið mikið afrek að þýða þessa staðla og ganga frá þeim í frumvarpsform. Athugasemdir skattrannsóknarstjóra ríkisins lúta fyrst og fremst að eftirliti með að farið sé að lögum um ársreikninga.

Í frumvarpinu er slíkt eftirlit látið vera tvískipt, annars vegar hjá Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra og hins vegar hjá Fjármálaeftirlitinu. Ekki kemur skýrlega fram í frumvarpinu og athugasemdum með því hvers vegna þessi leið er valin. Telja verður að skynsamlegra sé að slíkt eftirlit sé allt á sama stað og rökrétt að það sé hjá ársreikningaskrá og einn aðili fari þannig með almenna framkvæmd á lögum um ársreikninga og gangi eftir að þeim lögum sé framfylgt. Ef framkvæmdin yrði samkvæmt frumvarpinu ætti eftirlit með því að ársreikningalögum yrði framfylgt að heyra undir tvö ráðuneyti, annars vegar Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið þar sem Fjármálaeftirlitið heyrir undir það ráðuneyti og hins vegar Fjármálaráðuneytið en ríkisskattstjóri vegna ársreikningaskrár heyrir undir það. Þá er það einnig umhugsunarefni að væntanlega myndi eftirlit með því að stöðlum sé framfylgt fyrst og fremst beinast að endurskoðendum fyrirtækjanna auk þeirra sjálfra en málefni endurskoðenda heyra enn fremur undir Fjármálaráðuneytið.

Þá er gjaldtaka vegna eftirlitsins og fyrirkomulag þess umhugsunarverð, þar sem að hluta til er ágreiningi vegna þess unnt að vísa til Fjármálaráðuneytis, þ.e. vegna aðgerða ársreikningaskrár. Ef ágreiningur er hins vegar um aðgerðir Fjármálaeftirlitsins þá fer um




slíkan ágreining eftir lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þá er ekki heldur samræmi við ákvörðun á því hvaða refsimeðferðarleiðir eru valdar. Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt kemur fram að málum vegna brota á ársreikningalögum sé vísað til skattrannsóknarstjóra ríkisins en það sama verður ekki ráðið af málarekstri eða athugasemdum sem vakna hjá Fjármálaeftirlitinu. Þannig yrði ekki samræmi á milli málsmeðferðar eftir því hvort eftirlit sé framkvæmt af Fjármálaeftirliti eða Ársreikningaskrá ríkisskattstjóra. M.ö.o. yrði ekki metið hlutlægt hvort mál ætti að sæta lokaðri stjórnáráðmeðferð á síðari stigum eða lögreglumeðferð, þar sem Fjármálaeftirlitið hefur einungis það úrræði að vísa málum til opinberrar meðferðar.

Nú er ársreikningaskrá rekin sem deild innan ríkisskattstjóra. Það eru býsna áleitn sjónarmið sem mæla með að greina ársreikningaskrá ásamt fyrirtækjaskrá frá annarri stjórnáráðmeðferð sem embætti ríkisskattstjóra hefur með höndum og skilja þar með á milli. Er það enda á vissan hátt óeðlilegt að sama stofnun, ríkisskattstjóri, eigi bæði að taka við ársreikningum til opinberrar birtingar, öllum opnir, og hins vegar að gæta mikillar leyndar um ársreikninga sem hluta af skattgögnum þegar embættið hefur málefni einstakra skattaðila til úrlausnar. Eðli máls samkvæmt virðist þetta vera ósamþýðanlegt þótt það hafi gengið um árabíl.

Í lokin vill skattrannsóknarstjóri ríkisins greina Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis frá hversu erfiðlega það gengur að fá aðila til að fylgja fyrirmælum um birtingu ársreikninga. Þau úrræði sem eru fyrir hendi hafa ekki reynst nægjanlega skilvirk. Öll mál sem send hafa verið til lögreglu vegna brota á lögnum hafa dagað þar uppi ef frá er talið eitt mál þar sem sýknað var vegna skorts á viðhlítandi lagaheimild til að beita refsingu. Má ugglaust gera að því skóna að sennilega væru til árangursríkari aðferðir en að vísa máli til lögreglumeðferðar þegar ekki er saminn ársreikningur, svo sem að hlutafélag sé hreinlega leyst upp ef brot eru ítrekuð. Er því ekki úr vegi að ákvæði laganna um málsmeðferð þeirra verði tekin til endurskoðunar.

Virðingarfyllst,

  
Skúli Eggert Þorðarson